

5. stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

Fjarfundur 21. maí 2020, kl. 14:00.

Mættir eru: Una Hildardóttir (UH), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM), Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB), starfandi framkvstj.

Fundur settur: 14:08

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 4. stjórnarfundar er samþykkt.
1. **Samráðshópur mennta- og menningarmálaráðherra um íþrótt- og æskulýðsmál:** SHB kynnir vinnu ráðuneytisins að umgjörð og umsóknarferli fyrir fjárstuðning upp á 50 m.kr.. Til samanburðar var annað fyrirkomulag í íþróttamálum þar sem ÍSÍ var farið að útdeila fjármunum.
2. **Ungt fólk og samfélagsbreytingar vegna COVID-19:** Stjórn mun óska eftir tillögum að áherslum LUF frá aðildarfélögum á fjarfundum Leiðtoga ráðs til að bregðast við aðstæðum. Stjórn ákveður að senda beiðni um fund til að kynna tillögurnar á forsætisráðherra, félagsmálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra.
3. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** Rætt er um drög að tillögum.
4. **Alþjóðamál:**
 - 4.1. **COMEM:** SÞF mun sækja fjarfund.
 - 4.2. SÞF vekur athygli á vefnámskeiðinu: [Youth Forum Academy 2020](#)
 - 4.3. SÞF kynnir NBC netfund sem hún sótti þann 8. maí.
 - 4.4. **Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum:** Ungmennafulltrúi LUF á sviði mannréttinda, sótti samráðsfund (fjarfund) ungmennafulltrúa SÞ og ráðunaut aðalframkvæmdarstjórnar SÞ í málefnum ungs fólks.
 - 4.5. **Ungmennaráð Heimsmarkmiðanna:** LUF var falið að skipa aðalfulltrúa og varamann til tveggja ára í valnefnd. SHB leggur til að skipa Tinnu Hallgrímsdóttur, kjörinn Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði sjálfbærrar þróunar, sem aðalmann. GF leggur til að Karen Björk Eyþórsdóttir, varamaður TH verði skipuð varamaður. Tillögurnar eru samþykktar.
 - 4.6. **NUBF:** SHB falið að auglýsa sjóðinn og vinnustofu á vefsíðu LUF.
5. **Stefnumótun Æskulýðsráðs:** SHB upplýsir stjórn um stöðuna..
6. **Óformlegur fundur Leiðtoga ráðs 28. maí kl. 17:15:** Fjarfundur um stöðu aðildarfélaga hefur farið fram þar sem fjallað var um hvernig LUF mætti bregðast við heimsfaraldrinum til að styðja sem best við bakið á aðildarfélögum sínum.
7. **Næsti stjórnarfundur:** Miðvikudaginn 3. júní.
8. **Önnur mál:** Engin bárust.

Fundi slitið kl. 16:12.

Sigurður Helgi Birgisson ritaði fundargerð.